



# Reglur um viðskipti starfsmanna með fjármálagerninga

Júní 2022



Reglur þessar eru hluti af heildarreglum bankans um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum og eru birtar sérstaklega á vef Íslandsbanka. Reglurnar eru samþykktar af stjórn bankans og þær skal endurskoða eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti. Starfsmenn skulu við upphaf starfs hjá bankanum staðfesta að þeir hafi kynnt sér efni reglnanna.

Íslandsbanki hf. (hér eftir nefndur „bankinn“), er fjármálafyrirtæki sem veitir alhliða fjármálaþjónustu og er jafnframt útgefandi fjármálagerninga á skipulegum verðbréfamarkaði. Bankinn stendur því óhjákvæmilega frammi fyrir hættu á hagsmunaárekstrum í starfsemi sinni. Þess vegna leggur bankinn ríka áherslu á að allir starfsmenn hans séu meðvitaðir um hættuna á hagsmunaárekstrum þegar þeir sinna starfi sínu og grípi til viðeigandi aðgerða til þess að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar í starfsemi bankans hafi neikvæð áhrif á hagsmuni viðskiptavina.

Reglur þessar eru settar á grundvelli stefnu Íslandsbanka um hagsmunaárekstra.

## 2. Reglur um viðskipti starfsmanna með fjármálagerninga

### 2.1. Gildissvið

Reglur þessa kafla taka til viðskipta með fjármálagerninga félags, og tengdra gerninga, s.s. framvirkra samninga, með fjárhagslega hagsmuni á Íslandi, sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði jafnt hér á landi eða erlendis.<sup>1</sup> Undanskilin eru viðskipti með erlend bréf sem hafa engin tengsl við Ísland og þarf því ekki að óska eftir afstöðu regluvarðar vegna þeirra.

Reglur þessa kafla gilda um alla starfsmenn bankans.

Auk starfsmanna bankans taka þessar reglur til neðangreindra aðila:

- a. Maka, sambúðarmaka starfsmanns (hér eftir nefndur maki) og ófjárráða barna, kjörbarna eða stjúpbarna á hans framfæri. Þegar talað er um starfsmenn í þessum kafla gildir hið sama fyrir þessa aðila, nema annað sé sérstaklega tekið fram.
- b. Eignarhaldsfélaga ofangreindra aðila, sem falla undir gildissvið reglnanna, sem og félagar þar sem umræddir aðilar geta með beinum eða óbeinum hætti, í skjóli eignarhalds eða stjórnarsetu, tekið ákvörðun um viðskipti sem falla undir reglur þessar. Þegar talað er um starfsmenn í þessum kafla, gildir hið sama fyrir umrædd eignarhaldsfélög eða félög nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Starfi maki starfsmanns hjá öðru fjármálafyrirtæki skal það tilkynnt til regluvarðar og lúta viðskipti maka þá reglum þess félags, ef við á.

Reglurnar eiga ekki við um viðskipti starfsmanna, maka, ófjárráða barna og eignarhaldsfélög/félög á grundvelli samnings við bankann um virka stýringu að því tilskildu að engin samskipti eigi sér stað varðandi einstaka viðskipti milli eignasafnsstjóra og hlutaðeigandi starfsmanns.

Reglurnar eiga ekki við um viðskipti með hlutdeildarskírteini verðbréfa- og sérhæfðra sjóða sem uppfylla skilyrði laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og laga 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

<sup>1</sup> T.d. tvískráning eða félag sem bankinn hefur aðkomu að. Bankinn getur haft aðkomu að félagi með mismunandi hætti en ef aðkoman eykur líkur á hagsmunaárekstrum þá þarf að óska eftir afstöðu regluvarðar. Þetta getur t.d. átt sér stað þegar bankinn er stór lánveitandi.



Reglurnar eiga ekki við um viðskipti maka starfsmanns ef um er að ræða viðskipti sem eru tengd atvinnurekstri er maki stundar eða félagsamtökum sem maki starfar fyrir.<sup>2</sup>

Starfsmenn skulu upplýsa regluvörslu bankans ef þeir fá fjármálagerninga í gjöf eða arf.

## 2.2. Takmarkanir á viðskiptum starfsmanna með fjármálagerninga

Starfsmanni er óheimilt að eiga viðskipti með fjármálagerninga ef slík viðskipti eru:

- til þess fallin að valda hagsmunaárekstrum, eða
- ef starfsmaður eða regluvörður hefur ástæðu til að ætla að slík viðskipti geti verið álitin óviðeigandi eða tortryggileg vegna starfa starfsmannsins fyrir bankann.

Jafnframt skulu starfsmenn, þegar þeir tilkynna fyrirhuguð viðskipti til regluvörslu, lýsa því yfir að þeir búi ekki yfir óopinberum upplýsingum um framkvæmd eða áform viðskiptavina um kaup eða sölu á viðkomandi fjármálagerningum.

Sé starfsmaður er í vafa um hvort tiltekin viðskipti séu heimil samkvæmt reglum þessum skal hann ráðfæra sig við regluvörð eða lögfræðisvið.

Starfsmönnum er ekki heimilt að taka þátt í fjárfestingarfélögum eða annarri hliðstæðri starfsemi, sem hefur þann tilgang að þátttakendur standi sameiginlega að kaupum á fjármálagerningum.

Starfsmönnum er óheimilt að veðsetja eign sína í fjármálagerningum til tryggingar fyrir lántöku hjá Íslandsbanka, eða öðrum starfsleyfissskyldum lánveitendum<sup>3</sup>, vegna verðbréfavíðskipta.

Starfsmönnum er óheimilt að eiga viðskipti með aðra fjármálagerninga en þá sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða á markaðstorgi fjármálagerninga sem rekið er af eftirlitsskyldum aðila á Íslandi.<sup>4</sup> Eftirfarandi viðskipti eru þó undanþegin:

- a. móttaka og sala á fjármálagerningum sem starfsmenn hafa eignast áður en þeir hófu störf hjá bankanum. Er starfsmönnum heimilt að taka þátt í aukningu hlutfjár í réttu hlutfalli við fyrri eign sína hjá óskráðum félögum sem þeir áttu hlut í þegar þeir hófu störf hjá bankanum,
- b. viðskipti með hlutabréf fyrirtækja sem engin virk viðskipti eru með og/eða félögum sem hafa ekki fjárfestingar að markmiði, t.d. félög um atvinnurekstur fjölskyldumeðlima.

Telji starfsmaður að undanþága samkvæmt framangreindum liðum eigi við um fyrirhuguð viðskipti, skal hann senda skriflega beiðni til regluvarðar þar sem hann fer þess á leit að eiga umrædd viðskipti. Óheimilt er að eiga slík viðskipti fyrr en regluvörður hefur tekið afstöðu til þeirra.

Starfsmenn skulu gæta höfs í viðskiptum sínum með fjármálagerninga m.t.t. mögulegra hagsmunaárekstra. Samtala viðskipta (kaup og sala) starfsmanns og tengdra aðila<sup>5</sup> með fjármálagerninga skulu að hámarki nema 50 milljónum kr. í einstökum viðskiptum innan viðskiptadags eða 150 milljónum kr. á ársgrundvelli.

<sup>2</sup> Sem dæmi um félagsamtök má nefna foreldrafélög, húsfélög og góðgerðafélög.

<sup>3</sup> S.s. fjármálafyrirtæki, lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, og lífeyrissjóðir, lög nr. 129/1997.

<sup>4</sup> T.d. First North.

<sup>5</sup> Átt er við starfsmenn og tengda aðila samkvæmt lið 2.1 hér að framan.



Regluvörður getur bannað viðskipti starfsmanna með tiltekna fjármálagerninga án þess að gefa skýringar á banninu.<sup>6</sup>

### 2.2.1. Þátttaka í almennum útboðum

Starfsmönnum er einungis heimilt að taka þátt í almennum útboðum sem beint er til almennra fjárfesta og falla undir skylduna til að birta lýsingu samkvæmt lögum um lýsingar og reglugerð um lýsingar<sup>7</sup>.

Sé um að ræða almennt útboð þar sem bankinn er útgefandi eða umsjónaraðili skal starfsmönnum einungis vera heimilt að taka þátt ef ekki er hætt á að innherjaupplýsingar eða hagsmunaárekstrar geti verið til staðar<sup>8</sup> eða talið að aukin orðsporsáhætta felist í þátttöku starfsmanna að mati framkvæmdastjórnar.

Regluvörður hefur heimild til að takmarka þátttöku starfsmanna frekar, t.a.m. með því að þrengja tímamörk fyrir þátttöku eða banna einstaka starfsmönnum eða einingum þátttöku.

Viðskipti stjórnenda<sup>9</sup> kunna að vera háð strangari takmörkunum en reglur þessa mæla fyrir um.

### 2.2.2. Viðskipti með fjármálagerninga útgefna af bankanum

Starfsmönnum er einungis heimilt að eiga viðskipti með fjármálagerninga útgefna af bankanum á opnu viðskiptatímabili sem er 30 dagar frá birtingu uppgjöra bankans. Þó er starfsmönnum heimilt að taka þátt í almennu útboði þar sem fjármálagerningar bankans eru boðnir út eftir birtingu lýsingar, sbr. ákvæði 2.2.1.

### 2.2.3. Tilkynningarskylda starfsmanna um fyrirhuguð viðskipti

Starfsmanni er óheimilt að eiga viðskipti með fjármálagerninga fyrr en jákvæð afstaða regluvarðar til viðskiptanna liggur fyrir. Starfsmaður skal tilkynna um fyrirhuguð viðskipti til regluvarðar í gegnum kerfi á [Innraneti bankans og óska eftir afstöðu regluvarðar til viðskiptanna](#). Regluvörður tekur afstöðu til fyrirhugaðra viðskipta að teknu tilliti til viðeigandi upplýsinga frá starfsmanni og annarra fyrirliggjandi upplýsinga innan bankans, s.s. mögulegra innherjaupplýsinga. Regluvörður tekur afstöðu til fyrirhugaðra viðskipta virka daga, milli kl. 09 - 14.

Enda þótt regluvörður taki afstöðu til viðskipta áður en þau eiga sér stað eru viðskipti starfsmanna alfarið á ábyrgð viðkomandi starfsmanna.

Viðskipti starfsmanna skulu fara fram fyrir milligöngu bankans nema í eftirfarandi tilvikum:

- a. Makar starfsmanna sem stunda atvinnurekstur eru ekki bundnir af milligöngu bankans um þau viðskipti sem tengjast þeim atvinnurekstri.
- b. Sé um að ræða almenn útboð sem ekki eru á vegum Íslandsbanka er starfsmönnum bankans heimilt að ganga sjálfir frá skráningu hjá viðkomandi fjármálafyrirtæki, að fenginni heimild regluvarðar.

<sup>6</sup> Bann regluvarðar á viðskiptum kann að stafa af því að viðskipti með viðkomandi fjármálagerning hafa verið takmörkuð og ástæður þess eru trúnaðarupplýsingar.

<sup>7</sup> Þar sem óskað er eftir tilboðum á föstu gengi, eftir atvikum innan fyrirfram ákveðins verðbils, en ekki er óskað eftir tilboðum um verð einstakra bréfa, gengi eða vaxtakjör. Starfsmönnum er ekki heimilt að taka þátt í útboði þar sem fyrirkomulag útboðs er með þeim hætti að fyrstir koma fyrir fá.

<sup>8</sup> T.d. að innherjaupplýsingar sem starfsmenn kunna að hafa fengið aðgang að hafi verið miðlað með opinberum hætti, s.s. með birtingu lýsingar.

<sup>9</sup> Stjórnendur í þessu tilliti skulu teljast: stjórnarmenn, bankastjóri, lykilstarfsmenn bankans, mannauðsstjóri, forstöðumaður stefnumótunar og forstöðumaður markaðs- og samskiptasviðs, sbr. reglur bankans um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti stjórnenda.



- c. Ef starfsmaður á viðskipti í gegnum Netbanka eða app Íslandsbanka er honum eðli máls samkvæmt heimilt að annast viðskipti sín sjálfur en alltaf verður að tilkynna um fyrirhugað viðskipti til regluvarðar í samræmi við framangreint.
- d. Regluverði er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði við sérstakar aðstæður enda mæli rök með þeirri niðurstöðu.

Afstaða regluvarðar til fyrirhugaðra viðskipta samkvæmt framangreindu gildir einungis þann dag er afstaða er tekin og eigi viðskipti sér ekki stað innan þess viðskiptadags skal starfsmaður afla afstöðu regluvarðar á ný. Við sérstakar aðstæður getur regluverður ákveðið að afstaða til viðskipta gildi lengur en að framan greinir, s.s. ef lítil viðskipti eru með viðeigandi fjármálagerning.

#### 2.2.4. Ráðgjöf við útgefendur fjármálagerninga

Starfsmenn sem veita útgefendum skráðra fjármálagerninga ráðgjöf geta í störfum sínum fengið aðgang að innherjaupplýsingum.<sup>10</sup> Meðan ráðgjafarvinna bankans stendur yfir og í þrjú mánuði eftir að henni lýkur, er þeim starfsmönnum bankans, sem koma að ráðgjöfinni, óheimilt að eiga viðskipti með fjármálagerninga útgefandans, nema því aðeins að ráðgjafarvinnunni ljúki með opinberri birtingu upplýsinga í kauphöll samfara útboði og hætta á hagsmunaárekstrum sé ekki til staðar.<sup>11</sup> Regluverði er heimilt að takmarka þátttöku umræddra starfsmanna umfram það sem að framan segir, t.a.m. með því að þrengja tímamörk fyrir þátttöku eða banna tilteknum starfsmönnum þátttöku.

#### 2.2.5. Verðbréfamiðlun og eigin viðskipti

Starfsmönnum verðbréfamiðlunar og eigin viðskipta er óheimilt að eiga viðskipti með fjármálagerninga fyrir eigin reikning. Starfsmönnum þessum skal þó heimilt að eiga viðskipti sem sérstaklega eru undanskilin gildissviði reglna þessara samkvæmt ákvæði 2.1.

Framangreindum starfsmönnum skal vera heimilt að selja fjármálagerninga sem þeir eiga við gildistöku þessara reglna eða við upphaf starfs síns hjá viðeigandi einingum og gilda önnur ákvæði þessa kafla 2 um slík viðskipti.

#### 2.2.6. Lágmarks eignarhaldstími

Lágmarks eignarhaldstími á fjármálagerningum sem starfsmaður hefur eignast í samræmi við ákvæði reglna þessara er 30 dagar talinn frá kaupdegi<sup>12</sup>. Regluverður getur veitt starfsmönnum undanþágu vegna lágmarkseignarhaldstíma t.d. þegar fjármálagerningur er kominn í tap eða upp koma aðstæður hjá starfsmanni þar sem hann verður að losa fjármuni. Regluverður metur hvert tilvik fyrir sig.

### 2.3. Tilkynning um eign í fjármálagerningum

Starfsmenn skulu greina<sup>13</sup> regluverði frá allri eign sinni í fjármálagerningum þegar þeir hefja störf hjá bankanum.

<sup>10</sup> Með starfsmönnum sem sinna ráðgjöf fyrir viðkomandi útgefanda er átt við þá starfsmenn deildar sem sinna viðkomandi verkefni og geta haft aðgang að innherjaupplýsingum eða að öðru leyti verið í aðstöðu þar sem hætta á hagsmunaárekstrum er til staðar.

<sup>11</sup> Starfsmönnum er þannig heimil þátttaka í almennu útboði enda hafi lýsing verið birt eða upplýsingar birtar með öðrum sambærilegum hætti á skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga. Hófleg viðskipti með viðkomandi fjármálagerning eftir að upplýsingar hafa verið gerðar opinberar með lýsingu eða öðrum hætti, felur almennt ekki í sér hagsmunaárekstur í skilningi reglnanna.

<sup>12</sup> Í almennum útboðum er kaupdagur sá dagur er fjármálagerningur er tekinn til viðskipta í kauphöll.

<sup>13</sup> Eyðublað vegna þessa er að finna rafrænt í H3.



#### 2.4. Varsla fjármálagerninga

Starfsmenn skulu varðveita fjármálagerninga sína á vörslureikningum hjá Íslandsbanka.<sup>14</sup> Nýjum starfsmönnum ber að flytja vörslu fjármálagerninga sinna til bankans þegar þeir hefja störf.

#### 2.5. Heimild regluvarðar til að veita undanþágu

Regluverði er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum reglna þessara, sé það tryggt að undanþágan brjóti ekki í bága við gildandi lög og reglur, og skal starfsmaður senda skriflega umsókn þess efnis til regluvarðar á [regluvordur@islandsbanki.is](mailto:regluvordur@islandsbanki.is).

Regluvörður skal upplýsa bankastjóra um veittar undanþágur samkvæmt reglum um viðskipti starfsmanna með fjármálagerninga án tafar. Rökstuðningur skal fylgja veittum undanþágum.

---

<sup>14</sup> Þetta á ekki við um hlutdeildarskirteini í sjóðum sem eru í vörslu hjá öðru fjármálafyrirtæki.